

# VIÐ EIGUM AFMÆLI!

Félag nýrnasjúkra var stofnað 30. október 1986 og er því 25 ára á þessu ári.

Að því tilefni bjóðum við félögum til veglegrar afmælisveislu á sjálfan afmælisdaginn á Grandhótelu við Sigtún

**sunnudaginn 30. október**  
**klukkan 15:00**

- ❖ GLÆSILEGT KAFFIHLAÐBORÐ
- ❖ LÉTT SKEMMTIATRÍÐI
- ❖ NÝRAGJÖFUM VEITT VIÐURKENNING

Félagar utan Höfuðborgarsvæðisins geta sótt um ferðastyrk.

Vegna undirbúningsins þurfum við að vita fjöldann nokkurn veginn og því biðjum við félaga að tilkynna þátttöku í síma félagsins 561-9244 eða í tölvupósti á [nyra@nyra.is](mailto:nyra@nyra.is)

*Stjórnin*

Ábyrgðarmaður: Jórunn Sörensen

# nýrað

**FRÉTTABRÉF**  
4. tbl. 24. árg. september 2011

**Meðal efnis:**

**AFMÆLISVEISLA**  
**AFREK HULDU BIRNU**  
**NÝRAGJAFAR FÁ VIÐURKENNINGU**  
**OPIÐ HÚS**  
**RÚSSNESKT HEKL**



Hulda Birna Blöndal kemur í mark

**Félag nýrnasjúkra**  
Hátuni 10b 105 Reykjavík Sími 561 9244  
netfang: [nyra@nyra.is](mailto:nyra@nyra.is) – vefsíða: [nyra.is](http://nyra.is)



## Kæru félagar

Eins og fram hefur komið er félagið 25 ára á þessu ári. Stofnfundur var haldinn 30. október 1986. Stjórnin hefur minnst þessara tímamóta með ýmsum hætti. Á Alþjóðlega nýrnadeginum 10. mars sl. var haldið málþing. Í kjölfarið kom út afmælisblað félagsins og meðal efnis voru erindin sem flutt voru á málþinginu. Blaðinu var dreift mjög víða meðal annars á bókasöfn, heilsugæslustöðvar og hjúkrunarheimili um allt land. Núna er komið að afmælisveislunni. Eins og auglýst er á baksíðu er félögum og öðrum velunnurum boðið til veislu. Það er einlæg von stjórnarinnar að félagar fjölmenni til fagnaðarins.

Eitt af stóru baráttumálum félagsins er að lögum um brottmál líffæra verði breytt þannig að gert sé ráð fyrir samþykki einstaklings fyrir því að við andlát megi fjarlægja líffæri hans til bjargar öðrum. Unnið er að málinu í samstarfi við Hjartaheill og Samtök lungnasjúklinga innan SÍBS.

Föstudagurinn 10. mars 2006 líður mér seint úr minni. Þá gekkst maðurinn minn undir aðgerð á Landspítalanum þar sem annað nýrað hans var fjarlægt og grætt í mig. Árin í blóðskilun voru orðin mörg og ekki sjálfgefið að ég, frekar en nokkur annar, gæti fengið ígrætt nýra. Þeir sem hafa þessa reynslu þekkja þá einlægu tilfinningu þakklætis sem fylgir því að þiggja svo stóra gjöf. Nýragjafar eru hetjur og í virðingar- og þakklætisskyni hefur stjórn Félags nýrnasjúkra látið útbúa kort og barmmerki sem hver nýragjafi fær við útskrift.

Eins og félagar urðu rækilega varir við var síðasta Reykjavíkummarapón vel kynnt en að þessu sinni var safnað fyrir nýrnasjúk börn. Stjórnin er þakklát öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum. Í svona hlaupi vinnast margir sigrar. Einhver er fyrstur af öllum, annar í sínum aldursflokki. Síðan eru persónulegu sigrarnir – fljótari núna en í fyrra eða fór lengra núna en í fyrra. Svona má lengi telja. Einn sigur er þó öðrum minnisstæðari í þessu hlaupi og það er 10 km hlaup Huldu Birnu Blöndal. Það sem gerir hlaup hennar sérstakt er að hún er í blóðskilun. Við höfum engan fundið annan sem hefur leikið þetta eftir. Með afreki sínu sýnir Hulda Birna nýrnasjúkum og öðrum langveikum mikið og gott fordæmi.

Sjáumst 30. október!

Jórunn Sörensen

## RÚSSNESKT HEKL

Byrjendum verður leiðbeint í rússnesku hekli ef áhugi er fyrir hendi. Þær eða þeir sem vilja læra þessa tegund af hekli láti vita í síma félagsins 561-9244 eða sendi tölvupóst á [nyra@nyra.is](mailto:nyra@nyra.is).

## BASARHÓPUR

Basar til fjáröflunar fyrir félagið verður haldinn í Kringlunni laugardaginn 12. nóvember nk.

Þar munum við einnig kynna starfsemi félagsins og vekja athygli á mikilvægi þess að fólk taki afstöðu til líffæragjafar.

VILT ÞÚ VERA MEÐ?  
ÞAÐ ER PLÁSS FYRIR FLEIRI

Allar nánari upplýsingar í síma félagsins 561-9244.

## munið

### OPIÐ HÚS

á þriðjudögum frá klukkan 17 – 19 á 9. hæð í Hátúni 10b.

Þangað eru allir félagar velkomnir í notalegt spjall sem og þeir sem vilja kynnast starfi félagsins.